

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 250/2018****2019/EES/17/03****frá 5. desember 2018****um breytingu á IX. viðauka við EES-samninginn (Fjármálaþjónusta)**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/847 frá 20. maí 2015 um upplýsingar sem fylgja skulu við millifærslu fjármuna og niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 1781/2006 ⁽¹⁾.
- 2) Reglugerð (ESB) 2015/847 fellir úr gildi reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1781/2006, sem hefur verið felld inn í EES-samninginn og ber því að fella gerðina brott úr samningnum.
- 3) IX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á IX. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi kemur í stað texta liðar 23ba (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/70/EB) kemur eftirfarandi:

„**32015 R 0847**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/847 frá 20. maí 2015 um upplýsingar sem fylgja skulu við millifærslu fjármuna og niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 1781/2006 (Stjtíð. ESB L 141, 5.6.2015, bls. 1).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Þrátt fyrir ákvæði 4. gr. og 6. gr., að því er varðar millifærslu fjármuna í svissneskum frönkum í Liechtenstein og frá og til Liechtenstein innan myntbandalags þess með Sviss, skal upplýsingum þeim sem krafist er skv. 4. gr. og 6. gr. safnað og þær gerðar aðgengilegar þegar greiðsluþjónustuveitandi greiðanda óskar eftir því og innan þriggja virkra daga, en ekki er nauðsynlegt að þær séu sendar strax með millifærslu fjármunanna eins og kveðið er á um í 4. gr. og 6. gr. Þessi undanþága skal gilda á aðlögunartímabili sem rennur út 31. desember 2022.“

2. Texti liðar 23d (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1781/2006) fellur brott.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2015/847, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 6. desember 2018, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi farið fram ^(*), eða á gildistökudegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 249/2018 frá 5. desember 2018 ⁽²⁾, eftir því hvor dagsetningin er síðar.

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 141, 5.6.2015, bls. 1.

^(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

⁽²⁾ EES-viðbætur nr. 17, 28.2.2019. bls. 3.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 5. desember 2018.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Oda Helen Sletnes

formaður.